
Enni: Kerfisáætlun 2020-2029 – Umsögn Skipulagsstofnunar

Vísað er til erindis Landsnets dags. 12. júní 2020 þar sem vakin er athygli á að tillaga að kerfisáætlun 2020-2029 ásamt umhverfisskýrslu er í kynningarferli.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir kerfisáætlunina og umhverfisskýrslu hennar en fram kemur í áætluninni að ekki séu miklar breytingar frá fyrra ári. Stofnunin sér því ekki ástæðu til að gera athugasemdir við kerfisáætlunina og umhverfisskýrslu hennar þar sem fyrir liggja athugasemdir Skipulagsstofnunar við kerfisáætlun 2019-2028 og umhverfisskýrslu hennar sem Landsnet hefur að mestu brugðist við í greinargerð um viðbrögð við athugasemdum og umsögnum frá því í ágúst á síðastliðnu ári. Stofnunin vill þó benda á eftirfarandi:

Í framlögðum gögnum Landsnets kemur fram að stærsta breytingin felist í að gert sé nú ráð fyrir samfelldri 220 kV tengingu frá Hvalfirði og norður í land og inn á Austurlandskerfið. Í samantektarkafli í kerfisáætlun kemur eftirfarandi fram um valkostinn áætlun um uppbyggingu meginflutningskerfisins næstu 10 árin: „Á áætluninni er að finna uppfærslur og nýbyggingar á 220 kV línulögnum sem ná samfelt frá Suðurnesjum til Höfuðborgarsvæðis, til Hvalfjarðar og þaðan um Vesturland, Norðurland og austur að Fljótsdalsstöð. Einnig eru á áætlun frekari styrkingar við höfuðborgina ásamt 220 kV fæðingu inn á Austurlandið á Hryggstekk. Þær línur sem um ræðir eru Kröflulína 3 á milli Kröflu og Fljótsdals, en framkvæmdir við hana eru þegar hafnar, Hólasandslína 3 á milli Akureyrar og Kröflu og Blöndulína 3 á milli Blöndu og Akureyrar. Þessu til viðbótar koma tvær línur sem enn hafa ekki fengið nafn, þ.e. ný 220 kV lína frá Hvalfirði í Hrutafjörð og 220 kV lína á milli Hrutafjarðar og Blöndu.

Í kafla 4.8 í kerfisáætlun er umræða um þær tæknilegar takmarkanir sem eru á hlutfalli jarðstrengja í flutningskerfinu og fjallað um umfang jarðstrengslagna í meginflutningskerfinu á Norðurlandi þ.e. Blöndulínu 3, Hólasandslínu 3 og Kröflulínu 3 og í kerfinu á Suðvesturlandi. Bent er á að hafa þurfi í huga að lengd jarðstrengs í einni línu í samtengdu kerfi fyrirhugaðra 220 kV lína meginflutningskerfisins hefur áhrif á mögulegar jarðstrengslagnir í hinum línunum og lagning strengs á einum stað getur takmarkað lengd strengkafli innan annarra lína. Ekki hefur verið ráðist í greiningu á umfangi jarðstrengslagna í línu frá höfuðborgarsvæðinu til Hvalfjarðar og áfram til Hrutafjarðar og að Blöndu en skv. framansögðu er fyrirhugað að samtengt flutningskerfi skv. 10 ára áætlun nái frá höfuðborgarsvæðinu og til Austurlands. Skipulagsstofnun telur að í kerfisáætlun 2020-2029 þurfi að vera umfjöllun um hvaða áhrif það kann að hafa á lengd jarðstrengja í 10 ára áætluninni í fyrirhuguðum línunum á Vestur- og Norðvesturlandi að Blöndu og línunum á Norður- og

Norðausturlandi þegar flutningskerfið frá Hvalfirði og að Fljótsdalsstöð er tengt samfelld við hið sterka kerfi á Suðvesturlandi.

Jakob Gunnarsson